

Ársskýrsla Maríuhúss 2012

Á árinu 2012 voru 46 einstaklingar sem nýttu sér þjónustu Maríuhúss, 21 karl og 25 konur. Af þeim bjuggu 29 með maka en 17 bjuggu einir. Meðalaldur þeirra var 79,3 ár (62 til 90 ára). Meðaldvalartíminn er 19, 8 mánuðir en sá sem var styst var 3,2 mánuði en sú sem var lengst hafði verið í 47,3 mánuði.

Um áramót 2012/2013 voru 25 einstaklingar skráðir í Maríuhús. Flestir koma alla virka daga en sumir þrjá og sumir fjóra daga í viku.

Þrettán skjólstæðingar fá aðstoð við böðun vikulega og tíu skjólstæðingar fara með okkur í sund einu sinni í viku. Þrír herrar fá daglega aðstoð við rakstur.

Sex skjólstæðingar fá aðstoð við lyfjatöku hjá okkur.

Heimþjónustan/heimahjúkrun hefur sinnt 25 af skjólstæðingum Maríuhúss á árinu. Það er meðal annars aðstoð við athafnir daglegs lífs, lyfjagjafir og eftirlit/stuðningur.

Á árinu urðu talsverðar breytingar í starfsmannahópnum. Ólína Kristín Jónsdóttir öldrunarhjúkrunarfræðingur tók við forstöðumannsstarfinu 1. janúar.

Jóhanna Línadal iðjubjálfi fór í veikindaleyfi 1. maí og það varð ljóst í lok árs að hún á ekki afturkvæmt til starfa. Í hennar stað verður ráðinn þroskabjálfi sem hefur störf í janúar 2013.

Elísa Rán Ingvarsdóttir hjúkrunarfræðingur sagði upp störfum í október og hætti þann 15. desember. Í hennar stað var ráðin Helga Ingunn Sturlaugsdóttir hjúkrunarfræðingur. Hún hóf störf 1. desember.

Þann 1. nóvember var Önnu Sveinbjarnardóttur, matráði, sagt upp störfum. Var það gert í hagræðingarskyni og á nýju ári mun maturinn koma frá Matborðinu sem einnig sinnir Fríðuhúsi og Drafnarhúsi. Með breyttu fyrirkomulagi mun eldhúsið vonandi nýtast betur til virkni fyrir skjólstæðingana.

Tveir starfsmenn óskuðu eftir að minnka við sig vinnu og var það samþykkt, þær breytingar taka gildi um áramót (alls 15%).

Bryndís Guðjónsdóttir lauk sjúkraliðanámi á árinu.

Í upphafi árs voru 8 starfsmenn í 7 stöðugildum og eftir allar breytingar stefnir í að á nýja árinu verðum við með 7 starfsmenn í 6,15 stöðugildum og munar þar um 80% stöðu matráðs sem hættir.

Við forstöðumannsbreytingar kom upp erfitt tímabil meðal starfsmanna hússins. Páll Biering geðhjúkrunarfræðingur kom í lok apríl og hitti hópinn í þrjú skipti. Svava Aradóttir framkvæmdastjóri FAAS var með á síðasta fundinum og fékk hún skýrslu frá Páli að fundum loknum. Hann ráðlagði eftirfylgni og í haust kom Vilborg Guðnadóttir, geðhjúkrunarfræðingur og hitti hópinn í fjögur skipti.

Þessi handleiðsla gerði hópnum mjög gott að álit starfsfólks en Svava framkvæmdastjóri fékk skýrslu að loknu tímabilinu.

Á haustdögum fór starfsfólkið í námsferð til Hollands ásamt starfsfólki Fríðuhúss og Drafnarhúss. Var það vel lukkuð ferð og hluti starfsfólks tók sig til eftir ferðina og stofaði Gleym mér ei hópinn sem heldur kaffihúsakvöld fyrir einstaklinga með heilabilun og aðstandendur þeirra, einu sinni í mánuði.

Vegna þessarar ferðar féllu út starfsdagar frá maí til ágúst. Að öðru leyti voru starfsdagar nýttir í skipulag á virkni, vinnustofan og leikfimiherbergið skiptu um stað og við heimsóttum Boðarþing og Landakot svo eitthvað sé nefnt.

Reykjavíkurborg hefur sinnt viðhaldi á húsnæðinu. Á dagskrá er að pússa og lakka allt parkett á efri hæðinni en það bíður þess að borgin hafi fjármagn í það. Verið er að vinna í því að þetta bílskúrshurðina að utan. Talsverður raki er í bílskúr (bæði uppi og niðri) og er borgin meðvituð um það.

Loka þurfti geymslu niðri vegna raka/sveppa. Þessa geymslu höfum við ekki verið með afnot af en stjórnkerfið fyrir hitakerfi í innkeyrslu er þar inni. Aðalrýmið á neðri hæðinni er við innganginn í geymsluna. Hurðin var þétt til að minnka líkur á að óloft komist fram.

Ýmsar breytingar hafa orðið vegna hagræðingar. Ber þar fyrst að nefna að þrif, sem áður voru daglega, urðu einungis einu sinni í viku. Það var of lítið og nú kemur fólk frá Hreint og þrifur tvisvar í viku. Það gengur upp en vissulega hafa bæst við verkefni tengd þrifum á starfsfólk hússins, ber þar helst að nefna klósettþrif sem þurfa að vera dagleg og borðsal og eldhús þarf að sópa/skúra daglega.

Matráðinum var einnig sagt upp og ákveðið að kaupa mat frá Matborðinu. Miðað við reynslu Drafnarhúss ætti að sparast með því laun og launatengd gjöld matráðs. Eins og með þrifin bætast ýmis verk á starfsfólkið. Það þarf að taka á móti matnum og búa hann á borðin, það þarf að baka og fleira. Kosturinn er að það eru meiri möguleikar á að nýta eldhúsverkin í virkni fyrir skjólstæðinga okkar.

Kjartan og Þórunn sjá um akstur fyrir Maríuhús. Á árinu hafa 40 skjólstæðingar nýtt sér akstursþjónustu. Seltjarnarnesbær sér um akstur fyrir sitt fólk en á árinu voru 5 skjólstæðingar af Seltjarnarnesi.

Björn Einarsson, öldrunarlæknir á Landakoti hefur komið einu sinni í viku í Maríuhús og sinnt skjólstæðingum okkar á fjölbreyttan hátt. Í lok árs kom í ljós að Björn myndi hætta um áramótin og tekur þá Jón Snædal, öldrunarlæknir, við.

Við höfum skipt við fótaaðgerðastofuna Fótatak, sem kom og sinnti skjólstæðingum okkur, sem það vildu, á 8 vikna fresti. Eftir vaxandi óánægju ákváðum við í haust að afpakka þjónustu

þeirra og nú kemur til okkar Hrafnhildur Hjartardóttir, fóttaaðgerðafræðingur og snyrtifræðingur og sinnir fólkinu á sama hátt.

Guðný Guðmundsdóttir hárgreiðslukona kemur í húsið eftir þörfum.

Skjólstæðingarnir borga sjálfir fyrir fóttaaðgerð og hárgreiðslu en það sparar mikið skatl fyrir aðstandendur að geta fengið þessa þjónustu hér í húsinu.

Í Maríuhúsi leggjum við megináherslu á að sinna skjólstæðingum okkar og aðstandendum þeirra af alúð og virðingu. Við virkjum skjólstæðinga okkar eftir besta megni til að viðhalda og efla færni þeirra. Stór þáttur í starfi okkar er fjölskylduhjúkrun en aðstandendur eru þeir sem gera okkar skjólstæðingum kleift að búa heima sem lengst og þeir þurfa á öllum þeim stuðningi, sem í boði er, að halda til að geta hugsað um ástvin sinn. Í sameiningu geta dagþjálfun og aðstandendur unnið kraftaverk.

Við aðstoðum fólk við að meta hvenær þörf er á meiri aðstoð (í Maríuhúsi eða frá félags/heimaþjónustu). Við ráðleggjum hvíldarinnlagnir á hjúkrunarheimili og aðstoðum fólk í því ferli. Á árinu fóru 15 skjólstæðingar í hvíldarinnlögn, þar af voru þrír sem fóru oftár en einu sinni.

Einnig veitum við stuðning þegar kemur að því að sækja um varanlega dvöl á hjúkrunarheimili fyrir viðkomandi en það geta verið þung skref fyrir alla.

Reykjavík, 18. febrúar 2013

Ólína Kristín Jónsdóttir
hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Maríuhúss